

Föstudaginn 22. apríl 1988.

Nr. 152/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Einari Sverri Einarssyni og

Páli Konráð Konráðssyni Þormar

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ákærvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar til þyngingar með áfrýjunarstefnu 4. mars 1987 og jafnframt að ósk ákærðu, og að því er þá eina varðar, en meðákærði þeirra í héraði vildi hlíta héraðsdómi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákærða Pál Konráð, en refsing hans þyngd, að ákærði Einar Sverrir verði sakfelldur samkvæmt báðum ákærum og refsing hans þyngd frá því sem kveðið var á í héraðsdómi, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta og sakarkostnað, og loks að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Verjandi krefst þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað í heild sinni eða að hluta til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann þess að ákærðu verði sýknaðir af öllum kröfum ákærvaldsins og til þrautavara að refsing ákærðu samkvæmt héraðsdómi verði lækkuð. Þá krefst hann þess að bótakröfu Svans Kristjánssonar verði vísað frá dómi og loks krefst hann málsvarnarlauna.

Fyrri ákæra í máli þessu á hendur ákærða Einari Sverri, dagsett 4. júlí 1986, var ásamt rannsóknargögnum lögð fram í sakadómi Reykjavíkur 30. júlí 1986, án þess að ákæra væri birt, samkvæmt niðurlagsákvæði 115. gr. laga nr. 74/1974, og án þess að ákærði væri viðstaddur. Dómsrannsókn hófst síðan næsta dag, einnig án nærveru ákærða. Í því þinghaldi gáfu skýrslu fjögur vitni. Ákæran var birt ákærða í þinghaldi 1. ágúst og óskaði hann eftir því að sér yrði skipaður ákveðinn verjandi. Það virðist ekki hafa verið gert

fyrir en með bréfi sakadómara 28. ágúst. Þá hafði enn verið þingað í málinu fjórum sinnum, 11., 12., 15. og 25. ágúst, þar sem níu vitni gáfu skýrslur. Ekki verður séð að ákærða hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur þær yfirheyrslur. Verjandi er síðan viðstaddur eitt þinghald 15. september, þar sem eitt vitni er yfirheyrt. Seinni ákæran, dagsett 8. september 1986, á hendur ákærðu Einari Sverri og Páli Konráði, var ásamt rannsóknargögnum lögð fram í þinghaldi 18. september. Hún var birt ákærða Einari Sverri í þinghaldi 22. september að verjanda fjarstöddum, en ákærða Páli Konráði í þinghaldi 23. september að verjanda viðstöddum. Eftir það var þingað í málinu tvisvar, 30. september og 18. nóvember, þar sem 9 vitni voru yfirheyrd. Verður ekki séð að ákærðu eða verjanda þeirra hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddir þær vitnaleiðslur. Er málsmeðferð þessi ekki í samræmi við réttarfarslög og í beinni andstöðu við 1. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974.

Verjandi flutti munnlega vörn í sakadómi 1. desember 1986 og lagði málið í dóm. Eftir það aflaði dómariinn tveggja skjala að eigin frumkvæði, sem lögð voru fram í þinghaldi 8. desember, án þess að séð verði að verjanda eða ákærðu hafi verið gefinn kostur á að kynna sér þessi gögn. Er þetta brot gegn grundvallarreglum réttarfarslaga, sbr. 78. gr., 1. mgr. 87. gr. og 2. mgr. 125 gr. laga nr. 74/1974.

Í skýrslum margra vitna fyrir dómi í máli þessu kemur fram að þau voru látin staðfesta framburð sinn fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins, án þess að séð verði að dómari hafi spurt þau sjálfstætt um sakarefnið. Er slík vitnaleiðsla í andstöðu við 2. mgr. 102. gr. laga nr. 74/1974.

Það sem að framan er rakið er slíkur galli á málsmeðferð að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, að því er varðar ákærðu Einar Sverri og Pál Konráð.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eru ómerkt að því er varðar ákærðu Einar Sverri Einarsson og Pál Konráð

Konráðsson Þormar, og er málinu vísað heim í hérað til lög-
legrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er þá
varðar.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði,
þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu,
Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00
krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykja-
víkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómará,
kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 635-637/1986: Ákærvaldið gegn
Einari Sverri Einarssyni, Grétari Pétri Sigurðssyni og Páli Konráði Kon-
ráðssyni Þormar, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara, hinu fyrra
dagsettu 4. júlí 1986 á hendur ákærða Einari Sverri Einarssyni, Safamýri
65 í Reykjavík, fæddum 11. ágúst 1944 í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot
gegn almennum hegningarlögum:

1.

Fyrir tékkafals, með því að nota í viðskiptum í Reykjavík um mánaða-
mótin júlí/ágúst 1985 eftirgreinda 2 tékka sem hann falsaði á tékkaeyðu-
blöð frá Samvinnubankanum á Egilsstöðum með útgefandanafnrituninni
Ari Már Pálsson. Ákærði ritaði sama framseljandanafn á tékkana en ritaði
reikningsnúmer af handahófi:

Tékki nr. 4601313, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 29. júlí 1985, gefinn
út til handhafa. Ákærði fékk Sigurð Sigurðsson, Yrsufelli 5, Reykjavík,
til að selja fyrir sig tékkann í Grill- og brauðhúsinu, Völvufelli 17.

Tékki nr. 4601315, að fjárhæð kr. 65.331, dagsettur 2. ágúst 1985, gefinn
út til ÁTVR. Notaður til kaupa á tóbaksvörum í afgreiðslu Áfengis- og
tóbaksverslunar ríkisins, Borgartúni 17.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,
1940.

2.

Fyrir þjófnað, með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 17. janúar 1986
brotist inn í bifreiðina M-664 við Hvannahólma 10 í Kópavogi og stolið úr
henni útvarpstæki, segulbandstæki, 2 hátölurum og 8 tónsnældum.

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið höfðað með ákæruskjali, dagsettu 8. september 1986, á hendur ákærðu Einari Sverri, X, Reykjavík, og Páli Konráði Konráðssyni Þormar, Rauðarárstíg 28 í Reykjavík, fæddum 2. júlí 1953 í Reykjavík, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 17. mars 1986 brotist inn í söluskála Skeljungs h.f. við Óseyrarbraut í Þorlákshöfn og stolið tóbaksvörum að verðmæti allt að 130.000 krónum, ljósmyndafilmmum að verðmæti um 25.900 krónur, rakáhöldum að verðmæti um 17.400 krónur, kveikjurum að verðmæti um 5.000 krónur og um 85.900 krónum í reiðufé og tékkum úr peningaskáp sem þeir brutu upp.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

D ó m s o r ð:

Ákærði Einar Sverrir Einarsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 11.30, 7. mars 1985 til kl. 11.25, 14. sama mánaðar, frá kl. 22.35, 17. janúar 1986 til kl. 17.00, 22. sama mánaðar og frá kl. 17.50, 18. apríl 1986 til kl. 17.00, 30. sama mánaðar.

Ákærði Páll Konráð Konráðsson Þormar sæti fangelsi í 8 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 15.20, 28. mars 1986 til kl. 17.00, 30. apríl 1986.

Ákærði X sæti fangelsi í 3 mánuði. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá kl. 16.10, 28. mars 1986 til kl. 12.30, 23. apríl 1986.

Ákærði Einar Sverrir greiði Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 65.331,00 krónu ásamt dómvöxtum frá 6. ágúst 1985 til greiðsludags.

Ákærðu Páll Konráð og X greiði Svani Kristjánssyni 12.351,00 krónu ásamt dómvöxtum frá 17. mars 1986 til greiðsludags.

Ákærðu Einar Sverrir og Páll Konráð greiði óskipt skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 15.000,00 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 10.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað óskipt.